



Skýrsla um eftirlit með áburði 2007

Valgeir Bjarnason,
Matvæla- og umhverfissviði



Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
INNFLUTNINGSTILKYNNINGAR	3
MERKING ÁBURÐARTEGUNDA	3
SÝNATAKA AF ÁBURÐI	4
NIÐURSTÖÐUR EFNAGREININGA	5
NIÐURLAG	5



1. Inngangur

Um eftirlit með áburði og jarðvegsbætandi efni gilda lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og reglugerð nr. 398/1995 um eftirlit með áburði. Reglugerðin tekur til hvaða eiginleika áburður skal hafa, hvaða efni mega og mega ekki vera í honum og hvernig eftirliti með honum skal háttað. Í júní 2007 tók í gildi reglugerð nr. 630/2007 um ólífrænan áburð. Sú reglugerð innleiddi EB reglugerð nr. 2003/2003 um ólífrænan EB-áburð.

Eftirlitið felst í nokkrum þáttum. Öll fyrirtæki sem framleiða eða flytja inn áburð skulu vera skráð hjá Landbúnaðarstofnun. Allar vörutegundir sem flokkast sem áburður eða jarðvegsbætandi efni skulu einnig vera skráðar hjá stofnuninni. Landbúnaðarstofnun getur hafnað skráningu og þar með framleiðslu eða innflutningi vörutegunda uppfylli þær ekki ákvæði reglugerðarinnar. Einnig getur Landbúnaðarstofnun tekið vörutegundir af skrá og þar með hindrað sölu þeirra uppfylli þær ekki kröfur reglugerðarinnar. Landbúnaðarstofnun fylgist með merkingum vörutegunda, að þær uppfylli kröfur samkvæmt reglugerð 398/1995 sem kveður m.a. á um að réttar upplýsingar séu annað hvort áprentaðar á umbúðirnar eða festar við þær með áberandi hætti. Landbúnaðarstofnun hefur eftirlit með hvort efnainnihald áburðarins sé í samræmi við innihaldslýsingu og reglugerðarákvæði. Það er gert með sýnatöku og efnagreiningum á áburðinum.

Fjögur fyrirtæki fluttu inn áburð til jarðræktar á árinu. Þau eru: Áburðarverksmiðjan, Betra Land, Skeljungur og Sláturfélag Suðurlands. Samtals fluttu þau inn tæplega 63 þús. tonn af jarðræktaráburði árið 2007. Vöruskoðun og sýnataka var einungis af þessum áburði. Hér verða birtar helstu niðurstöður áburðareftirlitsins fyrir árið 2007.

2. Innflutningstilkynningar

Innflutningsfyrirtæki tilkynna til Landbúnaðarstofnunar um allan innflutning á áburði um leið og hann berst til landsins og áður en dreifing til notenda hefst. Starfsmönnum stofnunarinnar gefst þá tími og tækifæri til vöruskoðunar og sýnatöku áður en áburðinum er dreift til notenda. Þessi þáttur hefur yfirleitt verið í góðu lagi og gott samstarf milli stofnunar og fyrirtækja hvað þetta varðar.

3. Merking áburðartegunda

Í IV. og V. kafla reglugerðar nr. 398/1995 um eftirlit með áburði eru ákvæði um merkingar á umbúðum. Þar kemur m.a. fram að: Framleiðendur og/eða innflytjendur áburðar eru skyldugir að sjá til þess að vörurnar séu greinilega merktar með vörulýsingu. Merkingar mega vera áprentaðar á umbúðir áburðar eða á fylgimiða sem festur er með lokunarbúnaði umbúða. Vörulýsingu má ekki vera hægt að afmá og hún verður að vera vel læsileg.

Í vörulýsingu þarf m.a. að koma fram: Vörutegund, innihald næringarefna sem ábyrgst er sem þungaprósenta og þungi eða rúmtak vöru.

Nánari upplýsingar um kröfur til merkinga eru í ofangreindum köflum áburðarreglugerðarinnar. Nokkrar athugasemdir voru gerðar vegna merkingagalla á umbúðum. Þessar athugasemdir gerðar vegna rangra vörulýsinga á áburðarsekkjum, letur var afmáð og illlæsilegt eða áburður var í ómerktum sekkjum, sem aðeins var handskrifað á með túss, en það var í sumum tilfellum villandi fyrir kaupendur.



4. Sýnataka af áburði

Landbúnaðarstofnun gerir áætlun um sýnatöku úr áburði á hverju vori. Þar er miðað við að eitt sýni sé tekið af hverjum byrjuðum 1000 tonnum af hverri áburðartegund sem flutt er inn. Þess vegna er fleiri en eitt sýni tekið af sumum áburðartegundum.

Í 8. viðauka reglugerðar 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni er ákvæði sem segir að: “Um efnagreiningar á áburði gilda ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnar ESB (77/535/EBE) ásamt seinnitíma breytingum”. Í þessari tilskipun eru einnig ákvæði um framkvæmd sýnatöku af áburði. Sýnataka af áburði í stórsekkjum hefur miðast við þær reglur sem gilda um áburð í lausavigt, sem miðast við að ná a.m.k. 40 hlutasýnum úr hverri vörueiningu í hvert samsýni. Sekkjunum er oftast raðað í þriggja hæða stæður á hafnarbökkum. Til að sýnataka sé sem hagkvæmust fyrir innflytjendur eru einungis tekin sýni úr þeim sekkjum sem eru annað hvort efst í hverri sekkjastæðu eða á jöðrum þeirra. Af þessum sökum verður sýnatökuúrtakið ekki að fullu tilviljanakennt.

Eftirlitssýni Landbúnaðarstofnunar eru tekin með eftirfarandi hætti: Mestur hluti áburðar er fluttur inn í stórsekkjum, 500 eða 600 kg. Landbúnaðarstofnun velur af handahófi 4 – 8 sekki úr vörueiningu, úr hverjum eftirlitssýni eru tekin með sérstöku sýnatökuspjóti. Sé áburðurinn í minni sekkjum (undir 100 kg) eru 20 sekki valdir af handahófi til sýnatöku. Sýnatökuspjótið er með 8 hólfum og nást því allt að 8 hlutasýni í hverri stungu. Þannig næst þversnið úr hverjum sekk. Spjótinu er stungið a.m.k 8 sinnum í vörueiningu, þannig nást 40-64 hlutasýni úr hverri einingu. Hlutasýnum er blandað saman í sýnaskilju svo úr verður eitt safnsýni sem er a.m.k. 4 kg. Safnsýninu er deilt í sýnaskilju í 4 hluta, lokasýni, sem sett eru í sérstaka sýnapoka. Lokasýni er því um 1 kg. Lokasýnin eru innsiglið með sérstökum límrenningi sem er límdur yfir lok sýnapokans. Lokasýnin eru merkt með sýnatökunúmeri og dagsetningu sýnatökunnar. Eitt lokasýni er afhent viðkomandi fyrirtæki ásamt afriti af sýnatökuskýrslu. Þrjú lokasýni eru í vörslu Landbúnaðarstofnunar. Eitt lokasýni fer án tafar í efnagreiningu, og sé um að ræða sýni af frábrigðaáburði frá síðasta ári, eru sýni send til tveggja rannsóknastofa og beðið um hraðafgreiðslu á efnagreiningu.

Efnagreining á áburði

Áburðarsýni eru send til Þýskalands til efnagreininga og í nokkrum tilfellum til Danmerkur. Efnagreiningar í Danmörku eru gerðar á samsvarandi sýnum og fóru til Þýskalands í þeim tilgangi að staðfesta og prófa áreiðanleika niðurstaðnanna. Ávallt er beðið um mælingu á þeim meginnæringarefnum, köfnunarefni, fosfór og kalí, sem gefin voru upp við skráningu áburðar. Einnig er í sumum tilfellum mæld aukanæringarefni kalk og brennisteinn. Þá er þungmálmurinn kadmíum mældur í nokkrum áburðartegundum ár hvert.

Leyfileg neikvæð vikiörk skv. 5. viðauka reglugerðar nr. 398/1995 eru eftirfarandi:

Blandaður áburður – leyfileg neikvæð vikiörk einstakra næringarefna (m.v. hrein efni):

Köfnunarefni (N) = -1,1%

fosfór (P) = -0,48%

kalí (K) = -0,91%

kalk (Ca) = -0,64%,

Brennisteinn (S) = -0,36%

Þungmálmurinn kadmíum (Cd) má ekki fara yfir 50 mg á hvert kg fosfórs í áburðinum (50mgCd/kgP) sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 398/1995.



5. Niðurstöður efnagreininga

Alls voru tekin 55 eftirlitssýni af 37 áburðartegundum. Sýnin voru send til þýskrar rannsóknastofu og voru niðurstöður hennar eftirfarandi (efnagreiningar í Danmörku skiluðu yfirleitt áþekktum niðurstöðum):

Köfnunarefni (N): Öll sýnin 55 af 37 áburðartegundum voru efnagreind fyrir N. Af þeim reyndust 7 sýni af 5 tegundum vera fyrir neðan leyfileg vikiörk.

Fosfór (P): 50 sýni af 33 tegundum voru efnagreind fyrir P. Af þeim reyndust 5 sýni af 5 tegundum vera fyrir neðan leyfileg vikiörk.

Kalí (K): 39 sýni af 25 tegundum voru efnagreind fyrir K. Af þeim reyndust 5 sýni af 5 tegundum vera fyrir neðan leyfileg vikiörk.

Kalsíum (Ca): 6 sýni af 6 tegundum voru efnagreind fyrir Ca. Ekkert þeirra var fyrir neðan leyfileg vikiörk.

Brennisteinn (S): 16 sýni af 16 tegundum voru efnagreind fyrir S. Af þeim reyndust 2 sýni af 2 tegundum vera fyrir neðan leyfileg vikiörk.

Kadmíum (Cd): Þungmálmurinn kadmíum var mældur í 16 sýnum. Reyndist Cd vera vel fyrir neðan leyfilegt hámark og í mörgum tilfellum mældist hann ekki í sýnunum.

Heildarniðurstaða: Af þeim 55 sýnum sem tekin voru árið 2007, reyndust 16 vera fyrir neðan vikiörk í innihaldi eins eða fleiri næringarefna. Það er um 30% sýnanna. Alls voru þessi frávik í 10 áburðartegundum.

6. Niðurlag

Matvælastofnun áformaði að birta niðurstöður áburðareftirlitsins á heimasíðu sinni. Ætlunin var að þar kæmu fram athugasemdir varðandi merkingar, umbúðir og niðurstöður efnamælinga á sýnunum. Með því móti gætu kaupendur áburðarins fengið upplýsingar um gæði hans. Jafnframt var ákveðið að birting niðurstaðna kæmi í staðinn fyrir það, að taka áburð af skrá stofnunarinnar og heimila ekki dreifingu hans til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningu á honum. Efnagreiningar verða þá að sýna að áburðurinn standist tilskilin lágörk annar þurfti að endurmerkja hann með tilliti til efnamælinganna. Þessi áform voru kynnt fyrirtækjunum haustið 2006 og var almennt tekið vel í þau. Því var fylgt eftir með bréfi sem þeim var sent í byrjun mars 2007, nokkru áður en áburðurinn fór að berast til landsins.

Þessu mótmælti eitt fyrirtækið og lagði fram stjórnsýslukæru til landbúnaðarráðherra. Í úrskurði landbúnaðarráðherra kom fram að ekki væri lagagrundvöllur fyrir birtingu þessara niðurstaðna. Stofnunin hefði hins vegar heimild til að taka áburð af skrá og heimila ekki dreifingu hans til notenda fyrr en að loknum sýnatökum og efnamælingum á honum. Úrskurðinn má sjá á heimasíðu Matvælastofnunar.